



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á málræktarþingi  
Íslenskrar málnefndar  
15. nóvember 2016**

Ágætu málnefndarmenn

Samhengið í tungu og menningu hefur löngum verið höfuðstrengur í íslenskri mál- og menningarstefnu, að börnin okkar geti vandræðalaust lesið texta frá fyrri öldum sér til gagns og gleði, bókmenntir fyrri alda séu samtímabókmenntir á hverjum nýjum tíma. Þannig segir í ályktun málnefndar á þessu ári um stöðu íslenskrar tungu: „Aldrei má missa sjónar á því markmiði að samhengi málsins haldist órofið þannig að Íslendingar framtíðarinnar geti áfram skilið eldri texta og notið þeirra.“ Þetta er sá menningar- og minningabanki sem hver ný kynslóð þarf að hafa tiltækan – og núna á netinu.

Tungumál breytast, jafnvel hin íhaldssömu. Snemma á 19. öld taldi Rasmus Christian Rask daga íslensku talda. En hún reyndist lífseigari en sá spádómur gaf til kynna, ekki síst vegna þess að málrækt og málhreinsun urðu mikilvægir þættir í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og heilbrigðri sjálfsmynd: út með dönskulettur var kjörorðið, höggvum af málbreytingar, réttum af beygingakerfið, lítum til tungutaks óspillts alþýðufólks til sveita og gullaldarmáls fortíðar þegar hér var frjáls þjóð í frjálsu landi sem skapaði ódauðlegar bókmenntir. Þannig má segja að íslensk tunga hafi gengið í endurnýjun lífdaga á nítjándu öldinni með samleik öflugra leiðtoga í sjálfstæðisbaráttunni og allra hinna sem notuðu málið; eða kannski ættum við að segja að hún hafi verið færð aftur í mót gullaldarinnar.

Í kjölfarið blómstraði hreintungustefnan á síðustu öld og náði kannski merkustum áfanga í sigrinum á flámælinu þó miður hafi gengið í baráttu við þágufallssýkina. Vinsælir voru í útvarpi þættirnir um daglegt mál þegar snjallir og skemmtilegir menn sáu um hann og gerðu gys að latmælum og óvandaðri hugsun í ljótum búningi. Orðanefndir störfuðu á

mörgum sviðum og kepptust við að hafa undan veruleikanum í smíði nýrra og gagnsærra orða um hvaðeina í bílvél, mannlíkama, orkuveri, tölvu og rafmagnsfræðum. Og lengi framanaf síðustu öld höfðu oddvitar íslenskrar menningar mikið kennivald: til þess var tekið þegar þeir lögðu orð í belg á opinberum vettvangi, karlar eins og Sigurður Nordal, Einar Ólafur Sveinsson, Jón Helgason.

En nú er öldin önnur. Reiðareksstefnan í algleymingi, svo vísað sé til þess frábæra og afkastamikla þýðanda og unnanda fagurs málfars, Helga Hálfðanarsonar. Um okkar daga minnir Eiður Guðnason, sá duglegi málfarsrýnir og heimamaður í fjölmiðlum, gjarnan á reiðareksstefnuna þegar hann bendir á ambögur og mistök hjá fjölmiðlafólki. En málfræðingar eru hættir að vera málfarslögreglur eða málstefnumenn, nú minna þeir frekar á veðurfræðinga sem velta fyrir sér stöðunni og reyna að spá fyrir um þróunina án þess að taka ábyrgð á því sem gerist. Enda taka veðurfræðingar ekki ábyrgð á veðrinu.

Tungumálið flæðir hvarvetna. Áðurfyrr sömdu menn handrit og lásu svo upp eins vel og þeir gátu þegar þeir settust við hljóðnemann. Nú er allt í beinni útsendingu. Og bloggið og Fésbókin hafa leitt miklu fleiri fram á ritvöllinn en nokkru sinni fyrir í sögu íslenskrar tungu. Nú skrifa allir. Þetta er breyting til batnaðar og fólk verður að geta tjáð sig án þess að eiga á hættu að beturvitar dragi það sundur og saman í háði. Sömuleiðis verðum við að sýna því skilning að um okkar daga flytja hingað til lands margir að utan. Þeir vilja gjarnan ná góðum tókum á nýju máli en það tekur tíma. Þeir mega aldrei verða settir skör neðar vegna þess eins að þeir tali ekki lýtalausa íslensku.

Íslensk tunga virðist standast vel þetta álag samtímans þó að vissulega sjáist æ oftast ensk hugsun í illa sniðnum búningi, íslenskum að nafni til. Og við þurfum að hvetja unga fólk til að lesa sem mest, kynnast þeirri einstæðu og persónulegu reynslu sem í því felst að hverfa inn í veröld bókmenntanna. Þannig heyja þau sér forða af orðum, þjálfast í því að tileinka sér merkingu milli línanna, ganga gegnum allskonar reynslu og ævintýri sem þroska og skerpa sýn á lífið.

En stærsta áskorunin er afdrif íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Ég vil taka undir áhyggjur Íslenskrar málnefndar og margra fleiri í þeim efnum, ekki síst Eiríks Rögnvaldssonar prófessors sem hefur verið óþreytandi við að eggja stjórnvöld til dáða, hvetja til þess að lagðir séu nægilegir fjármunir í því skyni að tryggja framtíð íslenskrar tungu í samskiptum okkar við tækin öll sem við erum þegar farin að tala við og gefa allskonar fyrimæli; tölvuna, símann, sjónvarpið, ísskápinn. Verði íslenskan ekki áfram daglegt mál okkar í samskiptum á flestum sviðum er dauði hennar yfirvofandi. Í þessum efnum verður íslensk tunga að standa

jafnfætis enskunni á nýrri tækniöld en má ekki verða eins og gamall sýningargripur sem safnar ryki á safni. Og þetta gildir líka um víðerni netsins: við þurfum að tryggja að unnt sé að leita sér upplýsinga þar um hvaðeina á íslensku, ekki síst um það sem snýr að okkur sjálfum: náttúruna, menninguna, málið, fólkið – okkur sjálf.